

Reglugerð

um (1.) breytingu á reglugerð um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva

1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 3. gr. og hvarvetna þar sem orðin koma fyrir í reglugerðinni, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 4. mgr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Ráðherra.
- b. Orðin „eða heilbrigðisnefndar“ í 4. mgr. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.

- a. Í stað orðanna „viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 2. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Orðin „viðkomandi heilbrigðiseftirlit og“ í 3. mgr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.

- a. Orðin „eða heilbrigðisnefndar“ í 4. mgr. falla brott.
- b. Orðin „eða viðkomandi heilbrigðisnefndar“ í 5. mgr. falla brott.

5. gr.

Orðin „í samræmi við upplýsingar frá viðkomandi heilbrigðisnefndum“ í 2. mgr. 8. gr. falla brott.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi tekur gildi 1. janúar 2027.